



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MACMILAN Á MYRKUM

29. JANÚAR 2026
ELDBORG HARPA



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

BENTHOS 8'
BÁSÚNUKONSERT 30'
DÆGRIN 21'
KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT 18'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

MACMILLAN Á MYRKUM

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 29. JANÚAR 2026, KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SIR JAMES MACMILLAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JÓN ARNAR EINARSSON
EINLEIKARI

MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR
Benthos (2025) frumflutningur

SIR JAMES MACMILLAN
Básúnukonsert (2016)

HLÉ

BÁRA GÍSLADÓTTIR
DÆGRIN (2024-2025) frumflutningur

SNORRI SIGFÚS BIRGISSON
Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit (2024)

I
II
III

SIR JAMES MACMILLAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Sir James MacMillan er eitt farsælasta tónskáld samtímans og kemur fram víða um heim sem hljómsveitarstjóri. Tónmál hans er gegnsýrt af áhrifum frá skoskum uppruna hans, kaþólskri trú og nánnum tengslum við keltneska þjóðlagatónlist. MacMillan vakti fyrst alþjóðlega athygli eftir ótrúlega velgengni *The Confession of Isobel Gowdie* á BBC Proms árið 1990. Síðan þá hafa fjölmörg verka hans verið flutt og útvarpað um allan heim. Meðal helstu verka hans eru slagverkskonsertinn *Veni, Veni, Emmanuel*, sem hefur verið fluttur nær 500 sinnum, sellókonsert saminn fyrir Mstislav Rostropovich og fimm sínfóníur. Af nýlegri verkum má helst nefna Slagverkskonsert nr. 2 fyrir Colin Currie, Fiðlukonsert nr. 2 fyrir Nicola Benedetti og Sínfóníu nr. 5, samin fyrir kórinn, The Sixteen.

Nýlega hafa nokkur ný kór- og hljómsveitarverk hans verið frumflutt, þar á meðal *Christmas Oratorio*, sem Fílharmoníuhljómsveit Lundúna frumflutti árið 2021, og *Timotheus, Bacchus and Cecilia*, hátíðarsöngur um mátt tónlistarinnar, sem Cincinnati Sínfóníuhljómsveitin frumflutti árið 2023.

MacMillan hefur átt glæstan feril sem stjórnandi eigin tónlistar jafnhliða flutningi á fjölbreyttri samtímatónlist og klassískum verkum. Hann hefur stjórnað virtum hljómsveitum víða um heim. Hann var aðalgestastjórnandi Kammerfílharmoníu hollenska útvarpsins til ársins 2013 og tónskáld/stjórnandi BBC Fílharmoníunnar til ársins 2009. Á starfsárinu 2025/26 gegnir MacMillan stöðu staðartónskálds hjá Fílharmoníunni í Dresden og mun þar m.a. stjórna hljómsveitinni í kór- og hljómsveitardagskrá sem inniheldur t.d. verk hans *Cantos Sagrados* frá 1989. Aðrir hápunktir starfsársins eru flutningur *Christmas Oratorio* með BBC Sínfóníuhljómsveitinni auk tónleika með Gulbenkian-hljómsveitinni, Sínfóníuhljómsveit Íslands, BBC Scottish Symphony, Flæmska útvarpskórsins og Royal College of Music Symphony Orchestra. Ný óratoría, *Angels Unawares*, verður frumflutt af The Sixteen og Britten Sinfonia í Róm og Lundúnum.

Þetta er í annað sinn sem MacMillan stjórnar Sínfóníuhljómsveit Íslands en hann stjórnaði hljómsveitinni á tónleikum í Háskólabíói í febrúar 2001.

JÓN ARNAR EINARSSON

EINLEIKARI



Jón Arnar Einarsson fæddist í Reykjavík árið 1998. Hann var orkumikið barn og gat sjaldan setið kyrr nema til að spila á píanó eða blokkflautu. Hann flutti ungur til Noregs ásamt fjölskyldu sinni, þar sem hann hóf básúnuferil sinn, sjö ára gamall, í lítilli skólalúðrasveit í úthverfi Óslóar. Níu ára flutti hann aftur til Íslands en gaf básúnukennara sínum kveðjubréf þar sem hann skrifaði: „Næst þegar við hittumst verð ég Íslandsmeistari í básúnuleik“. Þegar komið var til Íslands hélt hann áfram tónlistarnámi; fyrst í Skólahljómsveit Grafarvogs og síðar við Tónlistarskóla FÍH undir handleiðslu Sigurðar Þorbergssonar, básúnuleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að framhaldsprófi loknu lá leiðin aftur til Óslóar, í framhaldsnám við Norges Musikkhøgskole. Kennarar hans þar voru þeir Jonas Bylund og Sverre Riise. Jón Arnar hefur gegnt starfi leiðara básúnudeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2023.

Jón Arnar var einn af sigurvegurum í keppni Ungra einleikara árið 2021 og lék einleik með Sinfóníuhljómsveit sama vor. Hann er virkur einleikari og kammertónlistarmaður og hefur komið fram víða hérlandis og erlendis, meðal annars í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Austurríki, Belgíu og Georgíu. Jón Arnar er áhugasamur um íslenska tónlist og er ötull þátttakandi á sviði nýrrar tónlistar og hefur frumflutt fjöldann allan af íslenskum og erlendum verkum og stuðlað að nýsköpun á því sviði.

MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR

BENTHOS



TÓNLISTIN OG SÍ

Tónlist Maríu Huldar hefur hljómað nokkuð reglulega á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar síðasta áratuginn. Árið 2019 frumflutti hljómsveitin verkið *Oceans* undir stjórn Daniels Bjarnasonar og hljóðritaði það sama ár fyrir útgáfufyrirtækið Sono Luminus. Verkið *Aequora* var frumflutt á Tectonics hátíðinni í apríl 2016 undir stjórn Ilan Volkov. Hljómsveitin hefur einnig flutt verkin 1001 - for bowed metal (2014), *Clockworking* (2022) og hljóðritað strengjaverkið *Djúpalón* (2024).

María Huld Markan Sigfúsdóttir (1980) er fiðluleikari og tónskáld sem starfað hefur á hinum ýmsu sviðum lista frá unga aldri. Hún stundaði fiðlunám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónlistarskólanum í Reykjavík, þaðan sem hún útskrifaðist með einleikarapróf á fiðlu árið 2000. Haustið 2003 hóf hún tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands og útskrifaðist vorið 2007 með BA gráðu af tónsmíða- og nýmiðlabraut. María hefur verið meðlimur í hljómsveitinni amiinu til fjölda ára, auk þess að vinna náið með hljómsveitinni Sigur Rós. Hún hefur tekið þátt í samsköpun listaverka þvert á miðla með ólíkum hópum listamanna. María Huld hefur á síðustu árum samið fjölda verka fyrir hljómsveitir, kammerhópa, kóra og einleikara, auk tónlistar við kvikmyndir og sviðsverk. Verk hennar hafa verið flutt víða um heim og tekin upp til útgáfu.

Tónskáldið segir eftirfarandi um verkið: „Benthos er forngrískt orð sem útleiggst á íslensku sem djúp sjávar. Í vatnalíffræði er orðið notað yfir lífríki á botni sjávar, vatna og áa. Hafið hefur verið mér afar hugleikið síðustu ár og ekki síst þær hættur sem að því stafa af mannanna völdum. Sjávardjúpin hafa öldum saman verið ókunnug manningnum og stærstur hluti þeirra er enn okkur framandi. Þar ríkjá önnur lögmál en á landi, þar sem sólarljós er ekkert, súrefni af skornum skammti og þrýstingur mikill. Þar er þrátt fyrir allt lífríki og dýr sem reiða sig m.a. á hljóð til að skynja umhverfi sitt og til samskipta. Þar sem meirihluti okkar bláa hnattar er þakinn hafinu er það lungu og hjarta okkar allra að aðkallandi að hlúa að og umgangast af virðingu. Í tónverkinu eru þessar hugleiðingar notaðar sem innblástur og inni í því eru falin lítil hljóðskilaboð sem glöggir geta spreytt sig á að nema.“ Verkið er hugsað sem mið-kaflinn í þrílógíu um hafið sem saman stendur af *Aequora*, *Benthos* og *Oceans*.

SIR JAMES MACMILLAN

BÁSÚNUKONSERT



TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið verk MacMillans nokkrum sinnum, síðast árið 2019 þegar Jean-Yves Thibaudet lék 3. píanókonsert hans undir stjórn Osmo Vänskä. Áður hafði sellókonsert hans hljómað árið 2001 í meðförum Raphael Wallfisch þar sem MacMillan stýrði hljómsveitinni sjálfur og árið 1997 lék Evelyn Glennie slagverkskonsertinn *Veni, veni Emmanuel* undir stjórn Jerzy Maksymiuk. Básúnukonsertinn er hér fluttur í fyrsta sinn á Íslandi.

Sir James MacMillan (1959) er fyrir löngu orðið eitt þekktasta tónskáld samtímans. Básúnukonsertinn er eins þáttar verk sem byggir á „draugalegu“ þema úr sjö nótum sem heyrir strax í upphafi og birtist síðan í mörgum ólíkum myndum í gegnum hægan opnunarkafli. Í hverri birtingarmynd þemans bætist við nýtt áhrifaríkt hljóðefni, ekki síst há, tjáningarrík einleiksmelódía á básúnu. Þessi einleiksrodd færir smám saman niður í tónsviðið eftir því sem aðrir hljóðfletir verða þéttari og órólegri. Að lokum víkur tónlistin fyrir danskenndu „scherzo“-tilbrigði sem byggir á upphafslaglínu verksins. Þessi kafli er *Allegro*, merktur *marcato e ritmico*. Hann stöðvast skyndilega þegar nokkur hæg stef upphafskafans snúa aftur og eru þróuð stuttlega, ekki síst áberandi laglína í flautu.

Nýr danskenndur rytmi tekur völdin, flæðandi valskennt stef, enn á ný tilbrigði við upphafsstefið. Smám saman er grafið undan þessari stemningu með hröðum, iðandi gangi í röddum hljómsveitarinnar, sem að lokum knýr tónlistina áfram inn í miðkaflann, þar sem púlsinn verður hraðari og æ ákafari. Þetta er stöðvað um stund með samspili fjögurra básúna í kontrapunkti, áður en tónlistin nær sínum hraðasta punkti, leitt af sirenulegum hljómi. Kvartettinn snýr aftur, að þessu sinni í flutningi fjögurra víóla. Þetta boðar meginkafli hæga hluta konsertsins, sem í upphafi er sálmakendur, en þróast síðan í kafa sem setur básúnuna í forgrunn í eins konar „samræðu“ við einleikshorn og tvö einleiksselló. Þar er tónlistin merkt *delicato e lontano, espressivo, dolente* og „líkt kammermúsík“. Í lok þessa kafa birtist ný, há og draumkennd útgáfa af aðalstefinu, og konsertinn færir loks inn í síðasta danskennda kaflann, þar sem iðandi strengir takast á við snarpa, krefjandi tungubeitingu á básúnu. Þetta nær hámarki í kadensu, þar sem fjórar básúnur eiga hálf-spunakennt samtal áður en sálmakendur blær fyrri hluta verksins tekur yfir í stuttum kóda.

Konsertinn er tileinkaður Jörgen van Rijen og saminn til minningar um Söru Maríu MacMillan, barnabarns tónskáldsins sem lést skömmu áður en verkið var samið. Konsertinn var frumfluttur 20. apríl 2017 í Concertgebouw í Amsterdam af hinni Konunglegu Concertgebouw hljómsveit þar sem van Rijen lék einleik undir stjórn Iván Fischer.

BÁRA GÍSLADÓTTIR

DÆGRIN



Tónskáldið og kontrabassaleikarinn Bárá Gísladóttir (1989) nam tónsmíðar hjá Hróðmari I. Sigurbjörnssyni og Púriði Jónsdóttur við Listaháskóla Íslands, í Giuseppe Verdi-tónlistarháskólanum í Milanó hjá Gabriele Manca og Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn hjá Niels Rosing-Schow og Jeppe Just Christensen. Bárá hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, þar á meðal Carl Nielsen and Anne Marie Carl-Nielsen Foundation's Honorary Awards árið 2025 og Ernst von Siemens Composer verðlaunin 2024. Auk þeirra hefur hún hlotið Carl Nielsen and Anne Marie Carl-Nielsen Foundation's Talent Awards, Gladsaxe Music Prize, Premio Abbiati del Disco, Léonie Sonning Talent Prize, Íslensku tónlistarverðlaunin og Tónlistarverðlaun Reykjavík Grapevine. Þá var verk hennar VÍDDIR tilnefnt til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Verk Bárú hafa verið flutt víðsvegar um heim af virtum símfóníuhljómsveitum og á öllum helstu samtímatónlistarhátíðum.

TÓNLISTIN OG SÍ

DÆGRIN eru frumflutt á tónleikum kvöldsins. Símfóníuhljómsveit Íslands tileinkaði Bárú hádegistónleika sína á Myrkum músíkdögum 2023 þar sem hljómsveitin flutti nokkur verka hennar undir stjórn Natanaél Iselin og kom Bárá einnig fram á tónleikunum sem einleikari. Árið 2024 gaf Dacapo útgáfufyrirtækið út disk með þremur verkum Bárú; VAPE, Hringlu og COR, í flutningi Símfóníuhljómsveitar Íslands og Bárú undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra SÍ.

Tónskáldið segir eftirfarandi um verk sitt: „*Dægrin* er hljóðheimur drauma og flöktandi hugsana innan ákveðins tímaramma þar sem sumir hlutar hafa verið teygðir, aðrir þjappaðir saman og almennt mótaðir til að falla að formi verksins sjálfs. Verkið hvílir á hinu óhlutlæga þegar við förum í gegnum kafla sem lýsa andköfum í þunnu lofti, iðandi áferð, hægri hreyfingu, djúpinu innra með okkur, skorti/ofgnótt sorgar, ofureinbeittum rússíbanareiðum sem eru algjör ringulreið takmarkalauss eirðarleysis, kyrrð, skyndilegri vin í (mögulega) eyðimörk, flóttaleið sem býðst yfir litla brú og svo aftur að kjarna málsins: *Dægrin* löng og ströng.“

Verkið var pantað af Símfóníuhljómsveit Íslands, Símfóníuhljómsveitinni í Óðinsvéum, Dönsku þjóðarhljómsveitinni og Norsku norðurheimskautsfilharmóníunni

SNORRI SIGFÚS BIRGISSON

KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT NR. 2



Snorri Sigfús Birgisson (1954) stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánssyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikarprófi 1974. Veturinn 1974–1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum og veturinn 1975–76 var hann í tónsmíðanámi í Osló hjá Finn Mortensen. Hann stundaði enn fremur nám í raftónlist hjá Lasse Thoresen og var í „Sónalógíu“ hjá Thoresen og Olav Anton Thommessen. Árin 1976–1978 lærði hann tónsmíðar hjá Ton de Leeuw í Amsterdam. Snorri hefur starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari og stjórnandi síðan hann kom heim frá námi (1980) og var tónlistarkennari í 40 ár. Hann hefur samið sönglög, einleiksverk, kammertónlist, verk fyrir kammersveitir, raftónlist, körtónlist og sínfónísk verk. Hann er félagi í CAPUT hópnum.

TÓNLISTIN OG SÍ

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit er nú fluttur í fyrsta sinn af hljómsveitinni en Konsert nr. 1 fyrir hljómsveit hljómaði á tónleikum sveitarinnar á Myrkum músíkdögum árið 2020. Meðal annarra verka eftir Snorra Sigfús sem hljómsveitin hefur leikið eru Coniunctio, Píanókonsert, Hymni fyrir strengjasveit og Songs and Places.

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit var saminn á árunum 2020 til 2024 (með hléum) fyrir Sínfóníuhljómsveit Norðurlands að beiðni hljómsveitarinnar. Verkið er í þremur köflum. Rætur þess liggja víða en tónskáldið hafði meðal annars til hliðsjónar stemmu sem Þorbjörn Kristinsson (1918–2001) kvað en Þorbjörn var um árabíl barnaskólakennari við Glerárskóla. Hljóðritunin er aðgengileg á netinu (ismus.is). Stemmuna sem Snorri Sigfús hafði í huga við samningu verksins kvað Þorbjörn við eftirfarandi visu eftir bróður sinn, Hjörleif Kristinsson (1918–1992):

Dags er glæta þrotin þá
þokan vætir kinnar.
Skjóna fætur skripla á
skuggum næturinnar.

Sínfóníuhljómsveit Norðurlands frumflutti verkið undir stjórn Daniéls Bjarnasonar í Hofi á Akureyri, 24. nóvember 2024. Verkið hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2025 í flokknum Sígild og samtímatónlist.

Þorbjörg Daphne Hall

Á DÖFINNI

SARASTE STJÓRNAR BRUCKNER

FIMMTUDAGUR 19. FEBRÚAR KL. 19:30

Svissnesk-ítaski píanóleikarinn Francesco Piemontesi leikur píanókonsert nr. 3 í d-moll eftir Rakhmanínov. Konsertinn er hlaðinn hrífandi ljóðrænni tjáningu, stórbrotnum hápunktum og nær ókleifum áskorunum í leiktækni, enda einn þekktasti einleikskonsert sögunnar. Einnig hljómar á tónleikunum sjötta sínfónía Bruckners. Jukka-Pekka Saraste, aðalstjórnandi hinnar virtu Fílharmóníusveitar í Helsinkí stjórnar Sínfóníuhljómsveitinni á þessum tónleikum.



TOMÁŠ HANUS & STEFÁN RAGNAR

FIMMTUDAGUR 5. MARS KL. 19:30

Stefán Ragnar Höskuldsson tók nýlega við stöðu fyrsta flautuleikara hjá Fílharmóníusveit Berlínar og er það mikið gleðiefni að hann leiki nú einleik með Sínfóníuhljómsveit Íslands. Hann leikur flautukonsert eftir Lowell Liebermann sem var saminn sérstaklega fyrir Stefán. Hinn tékkneski Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Íslands, stjórnar að auki tónlist eftir tvo landa sína, en það eru “hin ameríska” svíta eftir Dvořák og sjötta sínfónía Bohuslav Martinů. Tónleikarnir hefjast á Adagio fyrir flautu, píanó, hörpu og strengi eftir Jón Nordal.



KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

FIMMTUDAGUR 12. MARS KL. 19:30

Sellóleikarinn Kian Soltani og Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri kynna hér tónleikadagskrá væntanlegrar Evrópureisu hljómsveitarinnar. Á tónleikunum hljóma Dóttir norðursins og sínfónía nr. 2 eftir Jean Sibelius og ljóðrænn og hádramatískur sellókonsert Lutosławskis frá árinu 1970. Föstudaginn 13. mars heldur kynning á tónleikaferð áfram þegar hljómsveitin leikur Eldfuglinn, hljómsveitarsvítu Ígors Stravinskíj, og hinn dáða sellókonsert Edwards Elgars á tónleikum í föstudagsröðinni í Eldborg. Eva Ollikainen stjórnar og Kian Soltani leikur einleik.



Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Laura Liu
Laufey Jensdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Lin Wei
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir

2. FIDLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Emma Garðarsdóttir
Kristján Matthíasson
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Justyna Bidler

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Hrund Harðardóttir
Hafrún Birna Björnsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir

BASSI

Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthias Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Tomer Ornan
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Francisco Soutinho Ventura

HORN

Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET

Arthur Zanin
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Floris van Daalen

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Ellis

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri

Kristín Björg Björnsdóttir

markaðsfulltrúi

Dagrún Hálfðánardóttir

mannauðsstjóri

Svanhvít Hrólfisdóttir

fjármálastjóri

Tracy Bass

nótnavörður

Brynja Guðmundsdóttir

aðstoðarnótnavörður

Sigbór J. Guðmundsson

verkefnastjóri sviðs- og tæknimála

Björk Björgúlfsdóttir

sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

CAROLINE SHAW: PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



27. FEBRÚAR KL.18:00
ELDBORG HARPA

CAROLINE SHAW
ENTR'ACTE
IN MANUS TUAS
ITS MOTION KEEPS
LO, FIDLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið, fiðluleikarinn og söngkonan Caroline Shaw er gestur hljómsveitarinnar á þessum tónleikum þar sem við kynnumst fjórum ólíkum verkum hennar. Caroline hefur hlotið fjölmörg Grammy-verðlaun en skaust upp á stjörnuhimininn árið 2013, þegar hún hlaut Pulitzer-verðlaunin. Hefðbundið tónleikaform verður brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði og áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina. Ekki missa af einstöku tækifæri til að upplifa Caroline Shaw ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og kammerkórnum Aurora undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS